

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar

Viðbrögð í samkomubanni vegna Covit -19



HAFNARFJÖRÐUR



Meginmarkmið

Markmið sem haft er að leiðarljósi við skipulag skólastarfs í Hafnarfirði í samkomubanni í leik – og grunnskólum með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru, er að:

Viðhalda færni og hæfni nemenda, færa nemendum daglega rúttínu sem ýti undir aukna virkni og stuðli að því að byggja upp jákvæðar og uppbyggilegar lífsaðstæður í kringum nemendur meðan á óvissutíma stendur á sem öruggastan hátt út frá sóttvarnarsjónarmiðum.

Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. mars

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4d-6537-11ea-945f-005056bc4d74>

3. gr.

Leikskólar

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi leikskólastarfi að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstum hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Leikskóli – grunnlínan sem unnið var eftir Hafnarfirði

- GRUNNLÍNA - Að halda starfsemi gangandi á sem öruggastan hátt, þ.e. börn séu í sem fámennustu hópum og aðskilin sem mest.
 - FÆKKUN Í RÝMUM - Allt að helmings fækkun getur orðið í húsi, þ.e. fjöldi barna takmarkaður og því um takmörkun á þjónustu að ræða. Stærð deilda og fjöldi rýma í einstaka skóla ræður framkvæmd. Fyrirkomulag leikskólastarfs í hverjum leikskóla verður endurskoðaða reglulega á tímabilinu
 - OPNUNARTÍMI - Opnunartími er ákveðinn hjá hverju sveitarfélagi og getur mögulega styst vegna þarfa á auknum þrifum m.a. á leikefni.
 - MÓTTAKA OG MATARMÁL - Móttaka á börnum fari fram í fataklefa/anddyri/úti og foreldrar/aðstandendur fari sem minnst inn í leikskólann. Börn verði sem mest útivið í lok dags þar sem foreldrar/aðstandendur sækja þau. Tekið er á móti aðföngum í dyrum og aðkomufólk komi ekki inn í hús. Matast verði inni á deildum og engin sjálfskömmun fari fram.
-

Leikskólar

Stjórnendur leikskóla unnu að breytingum á vinnulagi í samvinnu við skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs,

Markmiði með þeirri vinnu var að:

- Lágmarka áhrif á leikskólabörn.
- Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum var leikskólum heimilt að halda uppi leikskólastarfi.
- Áhersla var á að börn væru í sem minnstu hópum og aðskilin eins og kostur er.
- Ráðstafanir gerðar til að þróa eða sótthreinsa byggingar og leikefni eftir hvern dag.



Skipulag leikskólastarfsins



- Skipulagsdagur var í öllum leikskólum bæjarins þann 16/3.
- Leikskólar hófu starfsemi þann 17/3 eftir nákvæmu skipulagi sem unnið var með leikskólastjórum þann 15/3.
- Lagt var upp með skipulag sem gerir ráð fyrir skiptingu starfsfólks og barnahópa í sóttvarnarhólf A og B þar sem öll börn mæta annan hvern dag og fá þar með 50% leikskólavist á viku. Starfsmenn og börn í hverju hólfu hitta ekki aðra en þá sem eru í þeirra hólfu.
- Sérstakt stjórnendahólf er í hverjum leikskóla og stjórnendateymi skipta sér í fjarvinnu og vinnu á staðnum.

Skipulag matarmála í leikskólum

- Skólamatur ehf. hefur einfaldað matseðilinn og fengið u.þ.b barna og starfsmannafjölda hvern dag til að sporna við matarsóun.
- Leiksskólar sem hafa einn matrág hafa fengið mat frá Skólamat að hluta til (Hvammur, Smáralundur). Hinir sem eru með aðstoðarmenn í eldhúsi hafa unnið í hólum eins og aðrir.



Þrif



- Sótthreinsun leikefni sem var í notkun skipulögð. Allt leikefni sem álitamál var með að þrifa var tekið úr umferð.
- Ekki var aukið í aðkeypt þrif en áhersla lögð á að snertifletir og húnar væru þriffin sérstaklega.
- Í vikulok fór af stað vinna við að skilgreina nýtingu húsnæðis og breyttar áherslur í þrifum í samvinnu við innkaupastjóra.
- Nýtt fyrirkomulag á þrifum hófs 24/3 í samræmi við ráðleggingar frá sóttvarnarlækni.

Forgangshópar

- Forgangshópar og skilgreining á þeim fylgdi hvað mest óvissu innan leikskólanna.
- Strax fór af stað skipulags- og hugmynda með leikskólastjórum um útfærslur í A,B og C hópa.
- Óljóst var strax frá upphafi hvernig heimilt væri að útfæra starf með forgangshópum út frá sjónarmiði sóttvarna. Endanlegur forgangslisti kom fimmtudaginn 19/3. Þá var enn óljóst hvort að uppsett skipulag fullnægði sóttvarnarráðleggingum. Sú samþykkt lá fyrir á föstudaginn 20/3.
- Leikskólastarf var skipulagt fyrir vikuna 23. – 27. mars með forgangshópana í huga og hófst vinna samkvæmt því skipulagi mánudaginn, 23. mars .

Leið 1. Forgangsbörn saman í einum hópi og myndi deild - þetta er sú leið sem sóttvarnarlæknir hefur mælt með

Leið 2. Forgangsbörn tilheyra áfram sinni deild (hólfi) og blandast því einungis tveimur hópum – heimilt er að fara þessa leið

- Hvor leiðin sem var farin var áhersla á að horfa á hverja deild og starfsfólk hennar sem sérstakt sóttvarnarhólf
 - Forgangsbörn fá meiri þjónustu en önnur börn samkvæmt afgreiðslu leikskólastjóra á forgagnsbeiðnum. Sum koma alla daga en önnur eitthvað minna
-

Leikskólinn Álfaberg – dæmi um útfærslu

- Hver deild myndar eitt hólf.
 - Í hverju hólf er barnahópnum og kennurum skipt upp í hóp 1 og 2, þau mæta annan hvern dag í leikskólann.
 - Einn þroskaþjálfari sem sinnir sérkennslu og fylgir miðhúsi var til að byrja með í sínu skrifstofuhólfi en fylgir nú einu hólf vegna veikinda starfsmanna.
 - Einn starfsmaður farinn í sóttkví vegna gruns um Covid smit.
 - Allur matur sem kemur inn í leikskólann er sóttur í anddyri grunnskólamegin og gengið með matarvagna úti til að fara ekki inn í hólf grunnskólans.
-

Veruleikinn í leikskólastarfinu í samkombanni

- Skipulag leikskólanna breytist hratt, jafnvel daglega.
 - Veikindi starfsmanna farin að hafa áhrif, skapar óvissu um hvernig halda eigi starfinu gangandi.
 - Ef grunur vaknar um Covid smit hjá starfsmanni er ekki hægt að fá sýnatöku, veldur óöryggi og óvissu um hvernig bregðast eigi við – verðum að sýna varkárni og loka frekar deildum, tímabundið ef þarf þar til skýrari línur eru komnar um hvort smit er að ræða
 - Á hverjum degi þrengir að í starfsmannahópnum, æ fleiri börn farin að vera heima af varúðarráðstöfunum foreldra.
 - Foreldrar mjög skilningsríkir.
 - 21 – 22 börn hafa verið að mæta á hverjum degi – mun minni hópur en hefði getað mætt (Alfaberg)
-

Auglýsing um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, 13. mars

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=23a0ee4d-6537-11ea-945f-005056bc4d74>

4. gr.

Grunnskólar

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum að þeim skilyrðum uppfylltum að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu og að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mötuneyti eða frímínútum. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

GRUNNSKÓLI - grunnlínan sem unnið var eftir Hafnarfirði

- **HÓPAR** Kennsla verði í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verði um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Hver hópur hafi eina stofu til umráða Öll kennsla fari fram í stofu viðkomandi hóps og mættast hann þar einnig ef ekki er unnt að nota matsal.
- **GRUNNKENNSLA** Skólar halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður og fyrirskipaðar takmarkanir. Það er í höndum hvers sveitarfélags/skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Eðlilegt er að yngstu nemendur hafi forgang að viðveru í skóla. Bent er á fræðslu og stuðningsefni á vef Menntamálastofnunar og hjá RUV. Allir nemendur hafi regluleg tengsl við skólann, þ.e. ýmist komi í skólann eða hafi samskipti við kennara með öðrum leiðum. Eftirfylgni verði höfð með ástundun náms og mikilvægt að foreldrar taki þátt í því verkefni. Lögð verði áhersla á stöðuga virkni nemenda og reglulega hreyfingu. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.
- **(SÉR)GREINAKENNSLA Í SÉRÚTBÚNUM STOFUM/RÝMUM FALLI NIÐUR** Öll venjubundin kennsla í list- og verkgreinastofum falli niður. Íþrótt- og sundkennsla verði í formi hreyfingar á skólalóð, annarri útikennslu eða inni í hópastofum. Sérgreinastofur má nota fyrir ákveðna (fasta) hópa ef þörf er fyrir að skipta bekkjum til að fara ekki yfir viðmiðunarfjölda hópa. Einstaka skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun.
- **SÉR-/STARFSDEILDIR** Sér-/starfsdeildir verði með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni.
- **MATARÞJÓNUSTA** Matarþjónusta verði í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll matarneysla fari fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið.
- **VETTvangsferðir** falli niður sem og ferðir í skólabúðir.

Grunnskólar

- Markmiði að lágmarka áhrif á grunnskólabörn.
- Grunnskólar mega halda uppi skólastarfi ef nemendur í hverri skólastofu eru ekki fleiri en 20.
- Þá skal tryggt að nemendur blandist ekki milli hópa, s.s. í mötuneyti eða frímínútum.
- Jafnframt verður að gera ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar daglega.

Ákvörðun um starfsfyrirkomulag er tekin í hverju sveitarfélagi fyrir sig, sem annast reksturs grunnskólanna.



Grunnskólar

- Starfsdagur var í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar þann 16/3 þar sem skólastjórnendur unnu með sínum skóla að skipulagi út frá nákvæmu skipulagi sem skólastjórar fengu þann 15/3 frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Grunnur að því skipulagi var unninn með skólastjórum dagana á undan.
- Skipulagið gekk eftir alla vikuna og engin óvænt atvik eða tilvik fyrir utan að endurskoða þurfti matarmálin sérstaklega. Margvíslegar áskoranir hafa komið upp sem hópurinn hefur tekist á við í sameiningu.



Kennslustundir

- Hver nemandi fær eina kennslustund á dag í viðveru í skóla og skipulagða kennslu undir handleiðslu kennara utan skóla.
- Nemendur fara beint í kennslustofur út frá hólfi sínu og óskað er eftir að þeir hafi ekki samskipti milli bekkja.
- Kennsla skal vera eftir kennslustigum sem hér segir:
 - ✓ Nemendur í 5.-7. bekk fá kennslu í klukkustund (8-9 og 9.30-10.30) þar sem öllum bekkjum er skipt í tvennt
 - ✓ Nemendur í 8.-10. bekk fá kennslu fyrstu klukkustund dagsins (9.15-10.15 og 10.45-11.45) hjá umsjónarkennara sínum – ásamt þeim öðrum starfsmönnum sem skólinn ákveður til stuðnings í bekk. Öllum bekkjum er skipt í tvennt (út frá stafrófsröð nemenda) og þeir hittist ekki þegar einn hópur fer heim, ákveðin hreinsun fari fram á 30 mín. hléi á ábyrgð umsjónarkennara og annar kemur svo hver nemandi mætir í eina klukkustund á dag.
 - ✓ Nemendur í 1.-4. bekk fá kennslu frá kl. 12-13.20 hjá umsjónarkennara sínum. Enginn hópur skal vera með fleiri en 20 nemendur. Í upphafi fái nemendur hádegisverð í stofu þar sem þeir snæða og deila ekki mat (20 mín.). Kennsla er í tvær kennslustundir í skóla. Eftir það eru nemendur áfram í stofunni þar sem starfsemi frístundaheimilis tekur við – fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir nú þegar.
 - ✓ Frístundaheimilinu lokar kl. 15 að nemendur fara heim og er hleypt sér út í hverri stofu þannig að hópar hittast ekki í skólahúsnæðinu.


Skólanum skipt í hólf eftir kennslustigum, sérdeildum og stjórnun

- Húsnæði skóla var skipt í kennsluhólf eftir kennslustigum, þ.e. yngsta stigs, miðstig og elsta stigs þar sem hver starfsmaður skóla fær skilgreint svæði til að vinna á.
- Nemendur í sérdeild mæta á sinn hefðbundna stað sem verður skilgreint sem sérstakt starfshólf og starfsfólk þess sömuleiðis. Litið er til þess að í sérdeildum er viðkvæmur hópur og skal eftir fremsta megni ekki raska skipulagi deildanna og leggja upp með það að nemendur mæti alla daga í sem lengstan skóladag.
- Sérstakt stjórnendahólf skal skilgreint þar sem stjórnendur, ritarar, náms- og starfsráðgjafi, skólafélagsráðgjafi, starfsfólk eldhúss skal vera hluti af.
- Starfsmenn skulu ekki fara milli hólfra.
- Starfsmenn mæta í hólf sín og dvelja þar meðan á kennslu stendur en hafa aðeins viðveruskyldu í skóla meðan á starfsemi þess hólfis er að ræða. Starfsmenn í stjórnendahólfi hafi viðveru eftir vinnutíma sínum en skólastjóra er heimilt að senda starfsmenn heim.
- Sérstaklega þurfti að huga að nægum salernum og snyrtiaðstöðu í hverju hólfum .
- Sérgræinastofur nýttar til hólfunar en skólasafn og tölvustofur verði lokað fyrir nemendur.
- Kaffistofa starfsmann tilheyrir núna stjórnendahólfi og er aðeins fyrir þá sem hafa aðgang að stjórnendahólfi.

ÁSLANDSSKÓLI

Dæmi um útfærslu

- Stjórnunarhólf
- **Grænt** hólf – yngri deild
- **Rautt** hólf – miðdeild
- **Blátt** hólf – unglिंगadeild
- Svæðastjórar - deildarstjórar
- Kennarar með umsjón
- Kennarar á svæði
- Aðrir starfsmenn á svæði
- Tröllaheimar – frístund
- Mötuneyti



- Stjórnendur unnu að **skipulagi** lau 14 og sun 15.3.
- Skipulag kynnt **bréfleiðis** til starfsfólks á sunnudegi ásamt skipulagi starfsdagsins og hvað ætti að einblína á. Nám, hópaskiptingar, inngangar, hleypa inn, samskipti o.fl.
- Mikil og góð undirbúningsvinna mán 16.3. sem skilaði sér í markvissu utanumhaldi og vinnu þri 17.3.



HVERNIG GEKK OG GENGUR?

- **Ástundun** mjög góð í fyrstu, töluvert lakari nú í viku 2.
 - **Nemendur** mættu jákvæðir, undirbúnir og kurteisir.
 - Ábyrgir **foreldrar** greinilega rætt við börnin sín.
 - **Starfsfólk** stendur sig stórkostlega við erfiðar aðstæður.
 - **Matarmál** gengu mjög vel í Áslandsskóla.
 - Frábær **stuðningur** frá starfsfólki Mennta- og lýðheilsusviðs.
-



Sýn skólustjórans

*Þramma ég um þrönga ganga
þeir af hreinsiefnum anga.
Einbeittur ég geng um gólf
svo álpist ekki í vitlaust hólf.*

*Fyrsta vikan, framar vonum
vel hún gekk í bæ við fjörð.
Færri karlar en fullt af konum
frábærlega standa vörð.*

*Um börn og starfsfólk vörð við stöndum
saman tökum báðum höndum.
Senn mun skína á bæ og ból
sem bjartsýnn horfir móti sól.*

Íþróttta- og tómstundastarf

Félagsmiðstöðvar

- Hafa unnið að undirbúningi félagstarfs fyrir nemendur sem eru saman í hólfum. En aðaláherslan er að skipueggja og hafa opið ráfrænt í félagsmiðstöðinni. Þannig er hægt að standa að allskyns verkefnum sem ýta undir samskipti og virkni unga fólksins. Þetta er enn í vinnslu og deildastjórar hvers skóla að skoða leiðir innan síns skóla.

Sundstaðir

- Búningsklefum lokað að hluta fyrri vikuna. Aðsókn var mun minni en áður. Lokað frá 24/3.

Íþróttastarf

- Búið er að gefa út að æskilegt sé að starfið liggi niðri áfram fram yfir páska. Það er návígi í íþróttum og því er ekki vilji til að bjóða hættunni heim þar. Íþróttta- og tómstundafulltrúi hefur verið í reglulegu samstarfi við fulltrúa nágretta sveitarfélaga og ISI vegna lokananna. Alfarið lokað frá 24/3

Frístundaheimili


- Taka virkan þátt í samstarfi við skólana og eru með starf fyrir 1. og 2. bekk. Mikið álag í byrjun viku en í lok viku eru færri og ró að færast yfir. Hafa staðið sig nokkuð vel við erfiðar aðstæður. Lagt er upp með að nemendur í hverju hólfu séu saman í frístunda út daginn. Opið er í öllum frístundaheimilum í Hafnarfirði til kl 15.00



Íþróttastarf

Íþróttastarf

- Búið var að gefa út að æskilegt sé að starfið liggi niðri áfram fram yfir páska.
- Íþróttastarfi og tómstundafulltrúi hefur verið í reglulegu samstarfi við fulltrúa nágranna sveitarfélaga og ÍSÍ vegna lokananna.
- Skólaíþróttahús lokuðu fyrir barnastarf, búningssklefar lokaðar en fullorðnir máttu nota tímana sína áfram fram til 24/3, þá lokað



**GESTIR ERU BÆÐNIR UM AÐ PASSA UPP
Á TVEGGJA METRA BIL SÍN Á MILLI**

Guests are required to ensure 2 meters recommended distance between other guests



585 5500 hafnarfjordur.is



Tónlistarskóli

Tímar í hljóðfærakennslu og söngkennslu fóru fram í húsnæði eða heimastöð tónlistarskóla eða skólahljómsveita fram til 24/3.

Hóptímar s.s. hljómsveitartímar, hópæfingar, tónfundir, forskóli og tónfræðitímar féllu niður.

Viðmið taka einnig til tónlistarnemenda sem eru eldri en 18 ára.

Lögð er áhersla á að leitað sé leiða til að viðhalda virkni óháð fjarveru og niðurfellingu tónlistartíma.



Tónlistarskóli

Tónlistarkennsla fari sem mest fram í formi heimakennslu og að allra leiða sé leitað til að viðhalda virkni nemenda og framvindu náms eftir því sem hægt er.

Fyrri vika 13.- 24. mars

- Engin kennsla út í grunnskólum. Þeim nemendum sem kennt er í grunnskólunum var boðið að færast niður í Strandgötu.
- Þeir kennarar sem eru í litlum stofum og eru með foreldra inni í stofu færðir í stærri stofur.
- Samgangur kennara milli Tónkvíslar og Strandgötu ekki heimilaður.
- Eingöngu einn starfsmaður er á skrifstofu, hinir heima.
- Kennarar vinni undirbúningsvinnuna heima eins og kostur er.
- Ef kennarar hafa möguleika á fjarkennslu er það heimilt.

Frá 24. mars

- Kennarar skólans í samskiptum við nemendur í gegnum mismunandi miðla til heimakennslu eins og t.d. skype, facetime og zoom.
- Í einhverjum tilfellum er ekki hægt að kenna á þennan hátt og munu kennarar útfæra kennsluna að þörfum nemenda.
- Möguleiki er að nemendur sendi upptökur af hljóðfæraleik/söng til kennara og fái til baka ráðleggingar

Dagforeldrar

- Öll gögn og leiðbeiningar sem sendar eru út frá mennta- og lýðheilsusviði frá almannavörnum og viðbragðsaðilum vegna Covit-19 eru sendar á dagforeldra.
- Starfsmenn skrifstofunnar hafa sinnt málefnum þar sem upp hafa komið vankvæði á vistun barna hjá dagforeldrum.



Samráðsfundir og samskiptavettvangur

- Daglegir samráðsfundir (fjarfundir) eru haldnir með leik og grunnsólastjórum.
- Covit-19 samráðs- og hugmyndasíða er virk á WP þar sem stjórnendur ásamt starfsfólki skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs er hluti af samráði.
- Mikil samstaða og samvinna er innan hópsins.





Að lokum:

Við skipulag starfs mennta- og lýðheilsusviðs í Hafnarfirði í samkomubanni með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru er leiðarstefið:

Að viðhalda færni og hæfni nemenda um leið og leitast er við að færa nemendum daglega rúttínu sem ýti undir aukna virkni og stuðli að því að byggja upp jákvæðar og uppbyggilegar lífsaðstæður í kringum nemendur meðan á óvissutíma stendur á sem öruggastan hátt.

Þetta er haft að leiðarljósi við alla vinnu starfsmanna sviðsins við skipulag starfsins í samkomubanni.

Takk fyrir
